

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1006/2013****2014/EES/36/03****frá 18. október 2013****um leyfi fyrir L-systíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir L-systíni sem fôðuraukefni í virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir L-systíni, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 13. mars 2013⁽²⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi L-systín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og að það geti talist eiga virkan þátt

í að fullnægja þörfum allra dýrategunda fyrir amínósýrur sem innihalda brennistein. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á því efni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fôður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 279, 19.10.2013, bls. 59. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(4), 3173.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Ömur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilföðurs með 12% rakainnihald	rakainnihald		
3c391	—	L-systín	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Kristallað duft sem er framleitt með vatnsrofi á náttúrulegu hými úr alifuglafjöðrum með 98,5% lágmarksinnihald L-systíns.</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>IUPAC-heiti: (2R)-2-aminó-3-[(2R)-2-aminó-3-hydroxy-3-oxopropyl]disulfanyl-própanoýsýra</p> <p>CAS-númer: 56-89-3</p> <p>Efniformúla: $C_6H_{12}N_2O_4S_2$</p> <p><i>Greiningaraðferðir</i> (1)</p> <p>Til að ákvarða L-systín í fæðraukefninu: Titrunarmæling, Evrópska lyfjaskráin (Ph. Eur. 6.0, aðferð 01/2008-0998).</p> <p>Til að ákvarða systín í forblöndum, fæðublöndum og fæðurefnum: Jónagreining með afleiðumyndun efir súlu og ljósmæligreiningu: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009(2) (III. viðauki, F).</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<p>1. Varðandi öryggi notenda: Nota skal öndunarvörn, öryggsgleraugu og -hanska við meðhöndlun.</p> <p>2. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Stöðugleika við vinnslu og geymsluskilyrði. — Viðbót L-systíns skal háð þörfum markdýra fyrir aminósýrur sem innihalda brennistein og styrk annarra aminósýra, sem innihalda brennistein, í skammtinum. 	8. nóvember 2023

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi síðu tilvissamannsöknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/authorisation/evaluation_reports/Pages/index.aspx

(2) Sjá ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.